


Ársskýrsla Fræðslusjóðs

– 2019 –



Fræðslusjóður
maí 2020

Starfsemi Fræðslusjóðs 2019

Fræðslusjóður starfar samkvæmt lögum nr. [27/2010 um framhaldsfræðslu](#). Með [þjónustusamningi](#) Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) við mennta- og menningarmálaráðuneytið sem gildir til loka árs 2021, er Fræðslumiðstöð atvinnulífsins falin dagleg umsýsla sjóðsins milli stjórnarfunda. Hlutverk sjóðsins er að veita fé til vottaðra námsleiða, náms- og starfsráðgjafar, raunfærnimats og nýsköpunar- og þróunarverkefna en öll þessi úrræði eru ætluð markhópi framhaldsfræðslu sbr. áðurnefnd lög.

Hlutverk FA er að undirbúa og boða stjórnarfundi, framfylgja ákvörðunum stjórnar sjóðsins sinna samskiptum við þá aðila sem fá úthlutanir úr sjóðunum.

Stjórn sjóðsins fundaði níu sinnum á árinu og eru [fundargerðir stjórnar](#) birtar á vef FA.

Fræðslusjóður úthlutar í byrjun árs til vottaðra námsleiða, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats.

Eingöngu fræðsluaðilar sem tilteknir eru í skilmálum sjóðsins eiga rétt á úthlutunum úr sjóðnum í framangreind verkefni.

Í lok maí var úthlutað til [nýsköpunar- og þróunarverkefna](#). Eru umsóknir þar opnar öllum.

Fræðsluaðilum ber að skila eftirstöðvum úthlutanna til námsleiða og ráðgjafar í síðasta lagi við uppgjör, hafi úthlutun ekki nýst innan ársins. Þessum eftirstöðvum er úthlutað í samræmi við umsóknir frá fræðsluaðilum í október. Verkefni í raunfærnimati eru gerð upp í lok árs og um mitt ár en fræðsluaðilar hafa allt að 18 mánuði til að ljúka þeim verkefnum.

Framkvæmd ársins

Allar upphæðir í milljónum króna

	2018	2019	Breyting milli ára
Vottaðar námsleiðir	557,2	539,6	-3,2%
Náms- og starfsráðgjöf	147,8	138,1	-6,6%
Raunfærnimat	144,5	135,7	-6,1%
Nýsköpunar- og þróunarverkefni	62,7	34,7	-44,7%
Samtals framkvæmd	912,2	848,1	-7,0%
Framlag á fjárlögum	795,5	815,9	2,6%
Vaxtatekjur og óráðstafað eigið fé	116,7	32,2	-72,4%
Samtals úthlutað	912,2	848,1	-7,0%

(sjá nánar um úthlutunar- og uppgjorsreglur í Skilmálum og úthlutunarreglum Fræðslusjóðs)

Ráðherra skipar Fræðslusjóði níu manna stjórn til fjögurra ára í senn. Formaður er skipaður án tilnefningar, Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins tilnefna tvo fulltrúa hvort, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Félag íslenskra framhaldsskóla tilnefna einn fulltrúa hvort, fjármálaráðuneyti og Samband íslenskra



sveitarfélaga tilnefna einn fulltrúa sameiginlega og velferðarráðuneyti einn. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Stjórn Fræðslusjóðs setur sér starfs- og úthlutunarreglur sem ráðherra staðfestir. Í þeim skal koma fram hvernig meðferð umsókna er háttað og almenn skilyrði fyrir veitingu framlaga úr sjóðnum.

Stjórn Fræðslusjóðs er þannig skipuð 2019:

Hellen M. Gunnarsdóttir, formaður skipuð án tilnefningar	Hulda Anna Arnljótsdóttir, varaformaður, skipuð án tilnefningar
f.h ASÍ	Varamenn
Finnbogi Sveinbjörnsson	Stefán Sveinbjörnsson
Halldór Grönvold	Hilmar Harðarson
f.h SA	Varamenn
Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir	Ólafur Garðar Halldórsson
Jóhanna Klara Stefánsdóttir	Kristín Þóra Harðardóttir
f.h BSRB	Varamenn
Karl Rúnar Þórsson	Birna Ólafsdóttir
f.h. Félagsmálaráðuneytis	Varamaður
Klara Baldursdóttir Briem	Jón Þór Þorvaldsson
f. h Sambands íslenskra sveitarfélaga og Fjármála- og efnahagsráðuneytis	Varamaður
Margrét Sigurðardóttir	Elín Valgerður Margrétardóttir
f.h Skólameistarafélags Íslands	Varamaður
Magnús Ingvason	Guðbjörg Aðalbergdóttir

Skipunartími stjórnarinnar er til 12. febrúar 2023

Tölfræði úr starfinu

Starfsmenn FA og aðrir eru reglulega upplýstir um framgang í starfi framhaldsfræðslunnar með tölfræðilegum samantektum úr þeim upplýsingum sem fræðsluaðilar skila inn til FA. Oft leita samstarfsaðilar og hagsmunaaðilar til FA til að fá upplýsingar úr starfinu og þá eru upplýsingarnar teknar saman og sendar viðkomandi aðilum. Í febrúar var árangur fyrra árs tekinn saman og kynntur fyrir ráðgjöfum símenntunarmiðstöðvanna.

Ýmis tölfræði ársins var kynnt stjórn í tengslum við stjórnarfundir.

Í ársbyrjun var farið yfir alla þjónustusamninga og samninga um framkvæmd og þeir bornir saman við niðurstöður sem fræðsluaðilar skila um framkvæmdina. Þar sem fjármagn hefur ekki verið notað að fullu er gerð krafa um endurgreiðslur.

Helstu upplýsingar 2019

Vottaðar námsleiðir


Eftirfarandi tafla sýnir heildarframlag (í kr.) árin 2016 – 2019. Með heildarframlagi er átt við framlag Fræðslusjóðs til viðkomandi fræðsluaðila, að teknu tilliti til viðbótarúthlutunar innan ársins og endurgreiðslna í árslok í samræmi við úthlutunar- og uppgjorsreglur sjóðsins.

Framkvæmd vottaðra námsleiða	2016	2017	2018	2019
Mímir-símenntun	172.180.396	186.505.684	185.370.000	179.153.808
Framvegis	32.300.000	41.310.000	56.650.000	51.754.167
Starfsmennt	0	2.450.000		
IDAN	0	10.416.000	3.876.000	5.260.000
Fræðsluskrist. rafiðnaðarins	0	0		
Alls	204.480.396	240.681.684	245.896.000	236.167.975
Símenntun. Vesturlandi	24.700.000	30.310.000	20.952.466	24.980.000
Fræðslumst. Vestfjarða	18.744.419	19.440.000	21.190.000	22.100.000
Farskólinn	12.100.000	12.827.429	12.010.000	13.260.000
SÍMEY	69.880.000	75.649.625	73.009.370	69.860.000
Þekkingarn. Þingeyinga	9.694.053	9.886.636	8.960.000	9.600.000
Austurbrú	19.762.499	21.630.000	22.980.000	22.270.000
Fræðslunet Suðurlands	34.844.000	34.866.769	36.850.000	38.180.000
Viska Vestmannaeyjum	9.600.000	14.624.583	9.061.914	13.730.000
MSS	80.900.000	88.870.000	106.300.617	89.440.000
Alls	280.224.971	308.105.042	311.314.367	303.420.000
Samtals	484.705.367	548.786.726	557.210.367	539.587.975

Eftirfarandi tafla sýnir framlag Fræðslusjóðs til vottaðra námsleiða 2019, fjölda nemenda sem ljúka námi á árinu, meðalkostnað á hvern nemanda, kynjaskiptingu nemenda og hlutfall þeirra innan heildarsamtaka stéttarfélaganna.

Vottaðar námsleiðir og framlag Fræðslusjóðs		
Framlag Fræðslusjóðs		539.587.975 kr.
Fjöldi nemenda í vottuðu námi greitt af Fræðslusjóði		2340
Fjöldi nemenda í vottuðu námi greitt af öðrum		700
Fjöldi nemenda alls		3040
Kynjaskipting	Konur	62%
	Karlar	38%
Stéttarfélag	ASÍ	47%
	BSRB	15%
	Annað/óskráð	38%
Meðalkostnaður á nemanda greitt af Fræðslusjóði		230.593 kr.


Hlutfall karla og kvenna sem ljúka námi í vottuðum námsleiðum helst nokkuð jafnt á milli ára en konur eru jafnan í meirihluta eins og sjá má á eftirfarandi mynd.



Fjöldi nemenda sem lauk námi í vottuðum námsleiðum síðastliðin fjögur ár hefur haldist svipaður en á eftirfarandi töflum má sjá skiptingu fjölda eftir miðstöðvum.

Fjöldi þátttakenda í vottuðum námsleiðum eftir miðstöðvum (greitt af Fræðslusjóði)				
	2016	2017	2018	2019
Austurbrú	109	110	143	142
Farskólinn	95	103	72	101
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	172	179	140	102
Fræðslunet Suðurlands	185	214	160	201
Framvegis	104	123	155	134
IÐAN fræðslusetur		46	14	21
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	259	400	424	369
Mímir - símenntun	673	661	553	584
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	173	257	85	115
Símey	415	372	537	417
Starfsmennt		15		
Þekkingarnet Þingeyinga	33	31	55	59
Viska	50	72	41	95
Nemendafjöldi alls:	2268	2583	2379	2340

10 mest sóttu vottuðu námsleiðir 2019 fjármagnaðar af Fræðslusjóði




[Nánari tölfræði um vottaðar námsleiðir á vef FA](#)

Náms- og starfsráðgjöf

Eftirfarandi tafla sýnir heildarframlag (í kr.) árið 2019 og til samanburðar eru sambærilegar tölur fyrir árin 2016 – 2018. Með heildarframlagi er átt við framlag Fræðslusjóðs til viðkomandi fræðsluaðila, að teknu tilliti til viðbótarúthlutunar innan ársins og endurgreiðslna í árslok í samræmi við úthlutunar- og uppgjorsreglur sjóðsins.

Framkvæmd náms- og starfsráðgjafar	2016	2017	2018	2019
Mímir-símenntun	22.396.400	22.956.000	26.078.760	23.417.090
Framvegis	3.896.800	3.542.000	6.199.763	6.020.000
Starfsmennt	1.527.200	606.000	2.146.727	847.000
IDAN	38.593.700	28.350.000	35.863.067	33.361.880
Fræðsluskrist. rafiðnaðarins	5.367.900	5.610.000	4.998.000	3.271.400
Alls	71.782.000	61.064.000	75.286.317	66.917.370
Símenntun. Vesturlandi	7.054.800	8.552.000	8.170.000	6.700.210
Fræðslumst. Vestfjarða	5.500.000	6.092.000	6.167.083	7.274.740
Farskólinn	4.200.000	4.230.000	4.159.339	4.175.000
SÍMEY	12.042.800	11.232.340	10.014.990	11.065.510
Pekkingarn. Þingeyinga	5.200.000	10.089.000	11.988.629	9.700.000
Austurbrú	3.180.500	4.056.000	4.556.000	4.058.070
Fræðslunet Suðurlands	10.206.200	9.453.160	9.876.017	9.904.720
Viska Vestmannaeyjum	2.700.000	4.190.000	4.798.460	3.760.000
MSS	12.300.000	12.371.666	12.763.213	12.150.000
Alls	62.384.300	70.266.166	72.493.730	68.788.250
Samtals	134.166.300	131.330.166	147.780.047	135.705.620

Viðtölum hefur fjölgað lítilleg síðastliðin tvö ár miðað við árin tvö á undan.



Árið 2019 var bætt við möguleikanum að skrá viðtöl sem greidd voru af öðrum en Fræðslusjóði inn í skráningakerfi INNU og þá tölu má sjá í næstu töflu. Tölur um viðtöl eru byggðar á fjölda viðtala sem tekin eru en með Innu er hægt að fá upplýsingar um fjölda þeirra einstaklinga hafa sótt viðtölin. Árin 2017, 2018 og 2019 má sjá að fjölda einstaklinga og að meðalfjöldi viðtala á einstakling er í kringum þrjú viðtöl.

Kynskipting ráðþega helst nokkuð jöfn milli ára en karlar eru fleiri vegna viðtala í tengslum við raunfærnimat þar sem karlmenn eru einnig í meirihluta. Aldurskipting helst einnig svipuð milli ára sem og menntunarstig ráðþega.

Athygli vekur að þeim sem sækja ráðgjöf og eru í starfsendurhæfingu hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár og einnig fjölgar erlendum ríkisborgurum umtalsvert.

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF - ÝMIS TÖLFRÆÐI				
	2016	2017	2018	2019
FJÖLDI VIÐTALA	9043	8690	9473	9448
ÞAR AF FJÖLDI VIÐTALA GREIDD AF ÖÐRUM EN FRÆÐSLUSJÓÐI				762
FJÖLDI EINSTAKLINGA SEM SÆKJA RÁÐGJÖF		2990	2761	2724
Meðalfjöldi viðtala pr.einstakling		2,91	3,43	3,47
KYNJASKIPTING RÁÐÞEGA				
Konur	42%	46%	44%	47%
Karlar	58%	54%	56%	53%
ALDURSKIPTING RÁÐÞEGA				
0-25 ára	11,8%	14,4%	12,8%	13,5%
26-40 ára	52,4%	51,5%	52,1%	53,2%
41-55 ára	28,3%	26,3%	26,9%	26,0%
56 ára og eldri	7,4%	7,9%	8,3%	7,3%
MENNTUNARSTIG RÁÐÞEGA				
Grunnskóli	25,2%	21,0%	16,0%	16,0%
Framhaldsskóli (hóf nám en lauk ekki)	61,8%	63,1%	61,4%	59,5%
Starfsmenntun	2,8%	5,1%	9,9%	11,5%
Stúdentspróf	3,9%	4,2%	5,2%	4,9%
Iðnmenntun	4,1%	3,8%	4,4%	4,4%
Háskólapróf	2,2%	2,8%	3,0%	3,7%
STAÐA RÁÐÞEGA Á VINNUMARKAÐI				
Í starfi	73,5%	69,7%	69,3%	63,4%
Atvinnuleitandi	12,6%	10,9%	12,9%	17,5%
Starfsendurhæfing	3,0%	7,8%	7,0%	10,8%
Í námi	5,5%	4,1%	4,1%	3,5%
Annað	5,4%	7,6%	6,7%	4,8%
ÞJÓÐERNI				
Íslendingar	92,7%	85,6%	80,4%	77,8%
Pólverjar	3,4%	6,8%	11,2%	11,7%
Aðrir	3,8%	7,6%	8,4%	10,6%
SAMTÖK Á VINNUMARKAÐI				
ASÍ	78,9%	67,7%	62,9%	63,2%
BSRB	5,7%	8,0%	7,1%	5,2%
Annað/óþekkt/óskráð	15,4%	24,3%	30,0%	31,5%
MEÐALKOSTNAÐUR Á VIÐTAL	14.836 kr	15.112 kr	15.600 kr	14.363 kr

[Nánari tölfræði um náms- og starfsráðgjöf á vef FA](#)




Raunfærnimat

Eftirfarandi tafla sýnir heildarframlag raunfærnimats árið 2019 hjá fræðsluaðilum. Til samanburðar eru sambærilegar tölur fyrir árin 2016 - 2018. Með heildarframlagi er átt við framlag Fræðslusjóðs til viðkomandi fræðsluaðila, að teknu tilliti til viðbótarúthlutunar innan ársins og endurgreiðslna í árslok í samræmi við úthlutunar- og uppgjorsreglur sjóðsins.

Framkvæmd í raunfærnimati	2016	2017	2018	2019
Mímir-símenntun	5.509.400	12.784.000	10.403.900	10.464.100
Framvegis	6.255.800	1.952.600	625.100	2.962.900
Starfsmennt	1.113.600	0	2.321.500	181.000
IÐAN	55.765.900	40.081.200	55.313.800	61.192.000
Fræðsluskrifstofa. rafiðnaðarins	4.477.200	7.309.600	6.118.000	5.569.000
Alls	73.121.900	62.127.400	74.782.300	80.369.000
Símenntun. Vesturlandi	5.221.200	1.800.838	12.196.162	3.323.000
Fræðslumiðstöð. Vestfjarða	1.873.900	2.684.300	2.104.800	6.858.000
Farskólinn	7.242.100	0	2.186.800	6.797.000
SÍMEY	11.547.700	10.907.300	12.661.100	19.508.300
Þekkingarn. Þingeyinga	37.400	0	0	325.000
Austurbrú	176.100	2.645.400	6.877.500	2.742.292
Fræðslunet Suðurlands	11.526.500	5.343.586	18.015.900	7.597.000
Viska Vestmannaeyjum	5.425.200	4.302.300	4.999.000	3.837.300
MSS	13.767.653	10.401.241	10.720.506	6.736.000
Alls	56.817.753	38.084.965	69.761.768	57.723.892
Samtals	129.939.653	100.212.365	144.544.068	138.092.892


Einstaklingum sem fara í raunfærnimat á móti viðmiðum starfsnáms fjölga og árið 2018 voru þeir í fyrsta skipti fleiri en þeir sem fóru í raunfærnimat í iðngreinum og sú þróun heldur áfram árið 2019.




Nánari upplýsingar um 2019 sýna að konur eru í meirihluta þeirra sem sækja raunfærnimat á móti viðmiðum starfsnáms en fleiri karlar fara í raunfærnimat í iðngreinum.

2019	Fjöldi	Framlag Fræðslusjóðs	Hlutfall	Meðalfjöldi eininga	Fjöldi eininga	Konur	Karlar	Meðalaldur
Starfsnámsbrautir	275	68.301.340 kr	49,5%	57	15.696	71%	29%	40,2
Iðngreinar	241	59.856.811 kr	43,4%	50	12.016	7%	93%	36,7
Almenn starfshæfni	24	3.973.896 kr	4,3%	Á eki við	Á ekki við	75%	25%	40,9
Almennar bóklegar greinar	16	5.960.844 kr	2,9%	13	200	19%	81%	37
Samtölur	556	138.092.892 kr			27.912			


Aldurshópurinn 31-40 ára er fjölmennastur þeirra sem sækja raunfærnimat, þá koma þeir sem eru á aldrinum 41-50 ára eins og sjá má á eftirfarandi skifuriti, en meðalaldur má sjá á töflunni hér fyrir ofan.



Einstaklingar sem hafa hafið nám á framhaldsskólastigi en ekki lokið því eru í miklum meirihluta þeirra sem fóru í raunfærnimat 2019.



Eins og sjá má á næsta súluriti fjölgar einstaklingum af öðru þjóðerni í raunfærnimati eins og í ráðgjöf. Meginskýring á þessu eru áhrif VISKA verkefnisins, fjármagnaða af ESB og FA, en þar var gert sérstakt átak í að fá erlenda ríkisborgara til að taka þátt í raunfærnimati.



[Nánari tölfræði um raunfærnimat](#)



Nýsköpunar- og þróunarverkefni

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Styrk upphæð
Fræðsluatrið Starfsmennt	Efling stafrænnar hæfni opinberra starfsmanna	3.000.000
Framvegis miðstöð símenntunar	Stafræn smiðja - grunnur að forritun	1.992.000
Mímir-símenntun	Rafrænt Íslenskumat fyrir atvinnulífið	2.859.000
Trappa ehf	Vertu þinn eigin námssmiður	2.402.000
Mímir Símenntun	„Að lesa stærðfræði“ sjálfstyrking fyrir nemendur í stærðfræði	2.859.000
IÐAN fræðslusetur	Fjórða - þekkingatorg um fjórðu iðnbyltinguna	2.859.000
Mímir Símenntun	Þróun stafrænnar handbókar með myndefni í náms- og starfsráðgjöf	2.856.000
Sólborg Jónsdóttir	Kennslumyndbönd í íslensku fyrir kennara	1.811.000
Fræðslunetið - símenntun á Suðurlandi	Ferðabjónn - námslýsingar og tilraunakennsla	3.000.000
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	Rafræn sjálfsgreining á almennri starfshæfni	3.000.000
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	Sveigjanlegt nám – sveigjanleg kennsla	2.383.000
Rakel Sigurgeirsdóttir	Íslenska án áreynslu: Myndorðaspjöld	3.000.000
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	Einstaklingsmiðuð fjarkennsla í íslensku í dreifðum byggðum	1.191.000
Þekkingarnet Þingeyinga	Móttaka nýrra Íslendinga - Rafræn handbók	2.145.000
	Samtals úthlutað	35.357.000

[Nánari upplýsingar um úthlutun Fræðslusjóðs til nýsköpunar- og þróunarverkefna á vef FA](#)



Lokaorð

Ekki urðu miklar breytingar á framlagi til Fræðslusjóðs milli árána 2018 og 2019, eða rétt 2,6% hækkun. Auk framlags til sjóðsins var úthlutað óráðstöfuðu fé frá fyrra ári auk áunninna vaxta. Þannig var heildar úthlutun ársins 848,1 milljón miðað við 912,2 milljónir árið 2018. Er það samdráttur um 7% frá fyrra ári og skýrist alfarið af mikilli lækkun á óráðstöfuðu fé frá fyrra ári. Óráðstafað fé sjóðsins verður til er fræðsluaðilar sem fá úthlutun úr sjóðnum ná ekki að fullnýta úthlutunina og þurfa að skila eftirstöðvum í árslok, í samræmi við Skilmála og úthlutunarreglur Fræðslusjóðs og getur þess vegna sveiflast nokkuð milli ára.

Fjöldi nemenda sem luku námi í vottuðum námsleiðum greiddum af Fræðslusjóði fækkaði lítillega á milli árána 2018 og 2019 en meðaltal síðustu fjögurra ára hafa um 2.400 nemendur lokið námi á ári. Ráðgjafarviðtölum fækkaði einnig lítillega árið 2019 miðað við árið á undan eða um tæp 1%. Athygli vekur að útlendingum sem sækja ráðgjöf fjölga enn og voru um 22% ráðþega árið 2019 en voru 7,2% ráðþega árið 2016. Hugsanlega hefur VISKA verkefnið, kostað af ESB og FA haft hér áhrif eins getið er um fyrr í ársskýrslunni.

Samtals 556 einstaklingar luku raunfærnimati 2019 eða rétt rúmum 3% færri en árið 2018 en þeim hafði fjölgað mikið á milli árána 2017 og 2018. Árið 2018 luku fleiri einstaklingar raunfærnimati á móti viðmiðum starfsnáms en þeir sem luku raunfærnimati í iðngreinum í fyrsta sinn og sama gildir um árið 2019, það er að einstaklingar sem ljúka raunfærnimati á móti viðmiðum starfsnáms eru fleiri en þeir sem ljúka raunfærnimati í löggildum iðngreinum.

Frekari tölfræði má finna á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins [hér](#).

Frekari gögn um starfsemi Fræðslusjóðs er [hér](#) á vef FA.